

Nd.

537. Frumvarp til laga

[194. mál]

um eftirlaun alþingismanna.

Flm.: Einar Ingimundarson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

Alþingismenn skulu greiða í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 4% — fjóra af hundraði — af þingfararkaupi sínu, eins og það er á hverjum tíma. Skal upphæðin dragast frá kaupinu mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt móttframlagi, er greiðist af alþingiskostnaði, að upphæð 6% — sex af hundraði — af mánaðarlega greiddu þingfararkaupi. Alþingismenn skulu vera í sérstakri deild innan lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Þátttaka í alþingismannadeild sjóðsins hefur ekki áhrif á rétt né skyldu alþingismanna til að vera í öðrum deildum sjóðsins. Alþingismenn njóta að öðru leyti sömu réttinda og bera sömu skyldur og aðrir sjóðfélagar, meðan þeir eiga sæti á Alþingi, nema annars sé getið í lögum þessum.

2. gr.

Þegar alþingismaður hefur látið af þingmennsku og er 65 ára eða eldri eða öryrki, á hann rétt á eftirlaunum úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem lýst er í 3. gr. laga þessara. Þetta gildir um alla núverandi og fyrrverandi alþingismenn, sem á lífi eru, þegar lög þessi öðlast gildi. Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum, er átt við 75% sannaða örorku eða meira. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli fyrrverandi alþingismanni, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%.

3. gr.

Fyrrverandi alþingismaður, sem uppfyllir ákvæði 2. gr. þessara laga, á rétt á eftirlaunum sem hér segir: Fyrir tveggja kjörtímabila eða 6—10 ára þingsetu samanlagt 35% — þrjátíu og fimm af hundraði. Fyrir þriggja kjörtímabila eða 10—15 ára þingsetu samanlagt 50% — fimmtíu af hundraði. Fyrir 15—20 ára þingsetu samanlagt 55% — fimmtíu og fimm af hundraði, og fyrir 20—25 ára þingsetu samanlagt 60% — sextíu af hundraði. Nú hefur maður átt sæti á Alþingi lengur en 25 ár samanlagt, og á hann þá rétt á 1% — einum af hundraði — hækkun á eftirlaun sín fyrir hvert ár, sem hann hefur setið á Alþingi fram yfir 25 ár, þó aldrei hærri eftirlaunum en 70% — sjöttíu af hundraði.

Hundraðshluti miðast við laun alþingismanns, eins og þau eru á hverjum tíma. Upphaf og lok þingsetu miðast við fyrsta dag næsta mánaðar, eftir að alþingiskosningar eru háðar, þingmaður segir af sér þingmennsku eða andast. Brot úr ári, sem nær ekki 6 mánuðum, fellur niður, en brot úr ári, 6 mánuðir eða meira, reiknast sem heilt ár.

4. gr.

Maður, sem setið hefur á Alþingi skemur en 2 kjörtímabil eða 6 ár, á ekki rétt á eftirlaunum, þótt hann hafi greitt iðgjöld til alþingismannadeildar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hins vegar á hann rétt á að fá endurgreidd úr sjóðnum iðgjöld þau, sem hann hefur greitt, þegar hann lætur af þingstörfum, svo sem ákveðið er um aðra sjóðfélaga í gildandi lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

5. gr.

Maki fyrrverandi alþingismanns, sem rétt hefur til eftirlauna samkvæmt lögum þessum, á rétt á að fá 50% — fimmtíu af hundraði — af eftirlaunum maka síns, að honum látnum. Sé maki látins fyrrverandi alþingismanns á lífi, þegar lög þessi öðlast gildi, á hann sama rétt til lífeyris og hann hefði öðlazzt, ef maki hans hefði þá verið á lífi.

6. gr.

Nú andast alþingismaður eða fyrrverandi alþingismaður, sem öðlazzt hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 3. gr. laga þessara, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá maki hans, ef á lífi er, rétt til þess hundraðshluta af eftirlaunum hins látna, sem 5. gr. laga þessara segir til um.

7. gr.

Lífeyrir samkvæmt lögum þessum greiðist án tillits til lífeyris, er sjóðfélagi á rétt á úr öðrum deildum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum, og hefur ekki áhrif á slík lífeyrisréttindi.

8. gr.

Halli, sem verða kann á lífeyrissjóði alþingismanna, ef iðgjöld í sjóðinn endast ekki til greiðslu eftirlauna til fyrrverandi alþingismanna, eða lífeyris til maka þeirra, greiðist af alþingiskostnaði.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felldar 6.—13. gr. laga nr. 82 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl., og öll önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1965.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fyrir 1. júlí 1965 skal lífeyrissjóður alþingismanna hafa verið sameinaður lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í samræmi við ákvæði laga þessara.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 84/1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl., var stofnaður sérstakur lífeyrissjóður alþingismanna, sem alþingismenn skyldu greiða 4% af þingfararkaupi sínu til, og skyldi sjóðurinn síðan annast lífeyrisgreiðslur til þeirra eða maka þeirra eftir nánar tilteknum reglum, sem síðar verður vikið að. Mótframlag ríkissjóðs í sjóð þennan skyldi vera 6% af greiddu þingfararkaupi. — Með lögum nr. 4/1964, um þingfararkaup alþingismanna, voru ákvæði áður nefndra laga nr. 84/1953 um launagreiðslur til alþingismanna úr gildi felld. Hins vegar héldu gildi sínu ákvæði laga þessara um lífeyrissjóð alþingismanna, en í hinum nýju lögum um þingfararkaup alþingismanna (nr. 4/1964) var þó gert ráð fyrir, að sett yrðu ný lög um lífeyrissjóð alþingismanna.

Á síðari árum hefur verið vaxandi tilhneiging til að líta á alþingismenn sem starfsmenn ríkisins eða hliðstæða þeim, meðan þeir eiga sæti á Alþingi, sbr. það ákvæði gildandi laga um þingfararkaup alþingismanna, að þeim skuli greidd föst laun mánaðarlega (1. gr.) og að heimilt sé að hækka eða lækka laun þeirra, ef almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins.

Að þessu athuguðu þykir því eðlilegt, að alþingismenn greiði héðan í frá hluta af launum sínum til sérstakrar deildar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóti þeir sömu réttinda og beri sömu skyldur og aðrir ríkisstarfsmenn, meðan þeir eiga sæti á Alþingi, nema annað sé tekið fram.

Um 2. gr.

Þessi grein frumvarpsins svarar til 7. gr. laga nr. 84/1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl., og er að mestu samhljóða henni. Ákvæðið um örorku er þó skilgreint nánar hér og um það settar nánari reglur.

Um 3. gr.

Í grein þessari felast reglur um greiðslu eftirlauna til alþingismanna, sem látið hafa af þingmennsku og hafa náð vissu aldursmarki eða eru öryrkjar, eftir því, hve lengi þeir hafa átt sæti á Alþingi. Er greinin hliðstæð 8. gr. laga nr. 84/1953, en þrepum í þeim stiga, sem fyrrverandi alþingismenn taka eftirlaun eftir, er þó fjölgað í þessari grein miðað við 8. gr. nefndra laga. Er hér gert ráð fyrir, að greiðsla eftirlauna hefjist eftir setu á Alþingi í tvö kjörtímabil eða 6 ára þingsetu samanlagt í stað þriggja kjörtímabila eða 10 ára þingsetu í gildandi lögum um þingfararkaup alþingismanna. Einnig er svo kveðið á í þessari grein, að eftirlaun alþingismanna hækki árlega um vissan hundraðshluta (1%) eftir samanlagt 25 ára þingsetu, og er þetta ákvæði nýmæli miðað við gildandi lög. Þykja þær breytingar, sem grein þessi ráðgerir, eðlilegar og sanngjarnar, er hafðar eru í huga stighækkandi eftirlaunagreiðslur til starfsmanna ríkisins samkv. lögum nr. 29/1963, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. — Miðun síðustu málsgr. 8. gr. laga nr. 84/1953 við dagkaup alþingismanna, er finna skal upphæð þess lífeyris, sem hann á rétt á, fellur niður af sjálfu sér, þar eð lagaákvæði segja fyrir um, að alþingismönnum skuli greidd föst laun mánaðarlega allt árið.

Um 4. gr.

Grein þessi er hliðstæð 9. gr. laga nr. 84/1953 og efnislega samhljóða henni að öðru leyti en því, að réttur til endurgreiðslu iðgjalda úr lífeyrissjóði er hér miðaður við minna en tveggja kjörtímabila setu eða 6 ára þingsetu í stað þriggja kjörtímabila eða 10 ára þingsetu í áður nefndum lögum.

Um 5. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 11. gr. laga nr. 84/1953.

Um 6. gr.

Rétt þykir að taka skýrt fram, svo sem gert er í þessari grein, að maki alþingismanns eða fyrrverandi alþingismanns, sem öðlazi hefur eftirlaunarétt samkvæmt frumvarpi þessu með þingsetu sinni, en andast, áður en hann nær 65 ára aldri, eigi rétt á að fá greiddan sama hundraðshluta af eftirlaunum hins látna maka síns og orðið hefði, ef hann hefði náð 65 ára aldri.

Um 7. gr.

Með þessari grein frumvarpsins á að taka af allan vafa um, að lífeyrir, sem greiddur er samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa, skerði á engan hátt lífeyri, sem sjóðfélagar (alþingismenn) hafa unnið sér rétt til úr öðrum deildum lífeyrissjóðs

starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum, né skerði slíkur lífeyrir lífeyrisréttindi alþingismanna eða maka þeirra, samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 8. gr.

Búast má við, að halli verði á lífeyrissjóði alþingismanna um ófyrirsjáanlegan tíma. Hafa iðgjaldagreiðslur í sjóðinn hingað til hvergi nærri brokkið til að standa undir greiðslu eftirlauna til fyrrverandi alþingismanna og lífeyrisgreiðslum til maka þeirra, sem látnir eru. Annars eru ákvæði þessarar greinar í samræmi við ákvæði gildandi laga um lífeyrissjóð alþingismanna (lög nr. 84/1953, 10. gr.). Halli, sem verða kann á sjóðnum, verði eftir sem áður greiddur af alþingiskostnaði.